

Skrifstofa Alþingis, nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



SÝSLUMAÐURINN

**UMSÖGN UM FRUMVARP TIL LAGA UM BREYTINGU Á LÖGUM NR.  
85/2007, UM VEITINGASTADI, GISTISTADI OG SKEMMTANAHALD,  
MEÐ SÍÐARI BREYTINGUM, 149. LÖGGJAFARÞING - 784. MÁL**

SÍÐA: 1/3  
DAGS 02.05.2019

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu fagnar tillögum ferðamálaráðherra um að samræma málsmeðferð vegna brota á rekstrarleyfisskyldri og skráningarskyldri starfsemi.

SÝSLUMAÐURINN  
Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU  
- REYKJAVÍK

Með því að leggja einnig stjórnvaldssektir við brotum á rekstrarleyfisskyldu í stað lögreglusekta er unnt að flýta málsmeðferð og draga úr kostnaði sem hlýst af formlegri og kostnaðarsamri ákærumeðferð fyrir dómstólum.

HLÍÐASMÁRI 1  
201 KÓPAVOGI

KT. 650914 - 2520

Þann 27. júlí 2018 fól atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu að leggjast í tímabundið átaksverkefni með eflingu Heimagistingarvaktar á landsvísu. Kostnaður við styrkingu eftirlits var talinn nema 64 millj. kr.

SÍMI 458 2000  
SMH@SYSLUMENN.IS  
WWW.SYSLUMENN.IS

Á grundvelli ábendinga sem embættinu hafa borist og upplýsinga sem fram hafa komið við rafrænt frumkvæðiseftirlit hefur verið gripið til eftirfarandi aðgerða.

- Yfir 3000 ábendingar um óleyfilega skammtímaleigu mótteknar
- 385 mál hafa verið stofnuð
- 301 vettvangsheimsókn framkvæmd á Suðurlandi, Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu
- 61 máli lokið með stjórnvaldssekt
- 59 mál áframsend á lögreglu á Suðurlandi, Vesturlandi og höfuðborgarsvæðinu
- 32 opin mál í stjórnarsýslumeðferð

- Fyrirhugaðar og álagðar stjórnvaldssektir nema í dag 83.760.000 kr.
- Upplýsingar um 420 fasteignir í eigu einstaklinga og lögaðila sendar á skattrannsóknaryfirvöld í tengslum við eftirlit með gististarfsemi
- 64 áskoranir sendar á aðila vegna minniháttar brota á lögum nr. 85/2007

Aukið eftirlit og umfjöllun hefur haft jákvæð áhrif á fjölda skráninga. Frá því að átakið hófst hefur fjöldi skráðra heimagistinga nær tvöfaldast.

- 1056 skráðar heimagistingar í lok árs 2017
- 2022 skráðar heimagistingar í lok árs 2018

Sýslumaður hefur staðfest 1307 skráningar<sup>1</sup> það sem af er ári. Búist er við frekari aukningu þegar líður að sumri.

Frá ársbyrjun 2018 hefur sýslumaður innheimt 26.632.000 kr. í skráningagjöld vegna skráðra heimagistinga.

Sýslumaður áætlar að óskráðum og leyfislausum gististöðum hafi fækkað um meira en 30% frá því að átakið hófst.

Af fenginni reynslu má búast við að aukið eftirlit muni halda áfram að skila árangri.

Reynsla af áttakinu hefur sýnt að samanlagðar fjárhæðir stjórnvaldssekta og innheimt gjöld vegna fjölgunar á skráningum nema mun hærri fjárhæð en útlagður kostnaður af auknu eftirliti. Er þá ekki tekið mið af óbeinum áhrifum á borð við aukin skattskil, framboð á leiguhúsnæði og jafnari samkeppnisgrundvöll.

Sýslumaður telur að samræming viðurlaga milli rekstrarleyfisskyldrar og skráningarskyldrar gististarfsemi muni stuðla enn frekar að framangreindum markmiðum.

---

<sup>1</sup> Samtala nýksráninga og endurnýjaðra skráninga

Sýslumaður telur að reynsla af átaksverkefni Heimagistingarvaktar sýni fram á kosti þess að beiting viðurlaga verði formlega á hendi eins sýslumannsembættis. Skýrist það m.a. af sjónarmiðum um samræmda málsmeðferð og hagkvæmni. Í því samhengi er vert að nefna að 67% af auglýstum gistirýmum á bókunarsíðunni Airbnb eru staðsettar á höfuðborgarsvæðinu.


Beiting viðurlaga vegna óleyfilegra gististaða er í beinum efnislegum tengslum við starfsemi Heimagistingarvaktar sem starfrækt er af Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu. Hjá embættinu hefur myndast sérþekking á málaflokknum sem sýslumaður telur að muni nýtast við úrlausn þessara verkefna. Auk þess hefur embættið fest kaup á sérstöku skjalavistunarkerfi í tengslum við eftirlit með heimagistingu. Hugbúnaður þessi myndi einnig nýtast vegna nýrra verkefna verði téðar breytingar á lögum að veruleika.

Sýslumaður tekur undir sjónarmið hagsmunaaðila að mikilvægt sé að viðhalda virku samstarfi við sveitafélög og staðbundin lögregluembætti sem sinna lögbundnu umsagnar- og eftirlitshlutverki skv. núgildandi lögum nr. 85/2007.

Sýslumaður vill að lokum koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri. Verði frumvarpið að lögum munu verkefni sem hvíla á átta lögregluumdæmum færast varanlega undir verksvið sýslumanna. Sýslumaður telur brýnt að fjármagn fylgi verkefninu. Að öðrum kosti er hætt við að ástandið færist aftur til fyrra horfs dragi úr sýnileika eftirlits.

Virðingarfyllst

F.h. Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu



Sigurður G. Hafstað, fagstjóri

